

Fimmtudaginn 6. nóvember 1997.

Nr. 202/1997.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Einari Erni Konráðssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Líkamsárás. Miskabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Arnljótur Björnsson, Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Hrafn Bragason.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 28. apríl 1997 að ósk ákærða, sem krefst þess einungis, að refsingin verði að öllu leyti skilorðsbundin og fjárhæð dæmdra bóta lækkuð.

Ákærvaldið krefst þyngingar á refsingu ákærða, en staðfestingar á niðurstöðu héraðsdóms um skaðabætur.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður staðfest ákvörðun hans um refsingu ákærða og skilorðsbindingu hluta hennar.

Við meðferð málsins í héraði féllst ákærði á að greiða með nokkrum breytingum alla liði bótakröfu Jóhannesar Más Jónssonar utan kröfu um „þjáninga- og miskabætur“, að fjárhæð 400.000 krónur. Bótakrefjandi reisir kröfu um þjáningabætur á 3. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, en greinir hana ekki frá miskabótakröfu samkvæmt 26. gr. laganna. Í málinu nýtur ekki gagna um það, hvenær því tíma-marki var náð, að ekki væri að vænta frekari bata, en fram lögð læknisvottorð veita ekki leiðsögn í þessu efni. Ekki liggur fyrir, hvort Jóhannes Már var rúmfastur einhverja daga eftir árásina. Að öðru leyti hefur engin sérstök grein verið gerð fyrir því í málinu, að skilyrðum 1. mgr. 3. gr. sé fullnægt, svo að þjáningabætur verði dæmdar, og auk þess er bótakrafan ekki sett fram á grundvelli 15. gr. laganna. Krafa um þjáningabætur er þannig svo vanreifuð, að dómur verður ekki á hana lagður. Ekki er fram komið, að Jóhannes Már hafi orðið fyrir varanlegum miska af völdum líkamsárásarinnar, og hann hefur ekki krafist bóta eftir 4. gr. skaðabótalaga.

Jóhannes Már hefur sett fram miskabótakröfu með vísun til 26.

gr. skaðabótalaga, eins og áður segir. Ákærði veittist að Jóhannesi Má, þar sem hann sat í framsæti bifreiðar, og beitti hann bæði eggvopni og hægri hendi sinni, sem var í gifsumbúðum. Fékk Jóhannes Már ekki rönd við reist, fyrr en ákærði hafði verið fjarlægður frá bifreiðinni. Atлага ákærða að honum var hrottafengin og varðar við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, eins og fram er komið. Pykja allar aðstæður hafa verið með þeim hætti, að Jóhannes Már eigi rétt á miskabótum úr hendi ákærða samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga fyrir þessa meingerð, og eru þær hæfilega ákveðnar 100.000 krónur.

Samkvæmt framansögðu verður ákærði dæmdur til að greiða Jóhannesi Má Jónssyni 754.669 krónur í bætur fyrir fjártjón og miska með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 2. október 1996 til greiðsludags, en bótakrafan var sett fram með bréfi 2. september 1996.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað verður staðfest. Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um annað en skaðabætur.

Kröfu Jóhannesar Mús Jónssonar um þjáningabætur er vísað frá héraðsdómi.

Ákærði, Einar Örn Konráðsson, greiði Jóhannesi Má Jónssyni 754.669 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 2. október 1996 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Vestfjarða 11. apríl 1997.

Ár 1997, föstudaginn 11. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Vestfjarða, sem háð er í dómsal embættisins að Hafnarstræti 1, Ísafirði, af Jónasi Jóhanns-

syni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-3/1997: Ákærvaldið gegn Einari Erni Konráðssyni, sem tekið var til dóms 1. s. m. að loknum munnlegum málflutningi.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 15. janúar 1997, á hendur ákærða, Einari Erni Konráðssyni nema, Brúnalandi 3, Bolungarvík, kt. 020379-2949, „fyrir stórfellda líkamsárás með því að hafa um klukkan 3.30 aðfaranótt laugardagsins 22. júní 1996 á móts við skemmtistaðinn Víkurbæ við Aðalstræti í Bolungarvík ráðist á Jóhannes Má Jónsson, kennitala 300974-3929, þar sem hann sat í farþegasæti bifreiðar, og stungið Jóhannes Má nokkrum sinnum með hnífi í andlit og hægri öxl og samtímis slegið hann nokkur högg með hægri hendi sinni, sem var í gífs-umbúðum, allt með þeim afleiðingum, að Jóhannes Már hlaut tvö stungusár á hægri öxl og eitt stungusár á efri vör, sem náði inn í munnhol, auk þriggja minni sára á efri vör, sprunga kom í efra kjálkabein vinstra megin og fjórar tennur brotnuðu.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Í málinu gerir Björn Jóhannesson hdl. fyrir hönd Jóhannesar Más Jónssonar kröfu um, að ákærði greiði skaðabætur, að fjárhæð 1.174.669 kr., auk dráttarvaxta af kröfunni samkvæmt 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 2. október 1996 til greiðsludags.“

Af hálfu ákærvalds var þess jafnframt krafist við munnlegan flutning málsins, að hnífur sá, sem lögregla lagði hald á við málsrannsóknina, yrði gerður upptækur samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga.

Verjandi ákærða, Örn Clausen hæstaréttarlögmaður, krefst þess, að ákærði verði dæmdur í vægustu refsingu, sem lög frekast heimila. Þá krefst verjandi hæfilegra málsvarnarlauna sér til handa.

Málavextir.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglunnar í Bolungarvík, sem staðfest hefur verið fyrir dómi, voru Róbert Bjarnason og Valdemar Guðmundsson lögreglumenn við eftirlitsstörf þar í bæ aðfaranótt laugardagsins 22. júní 1996. Klukkan 3.30 voru þeir staddir við skemmtistaðinn Víkurbæ, er þeir veittu ákærða athygli, þar sem hann stóð við hlið bifreiðarinnar HP-978 og virtist vera að berja einhvern inni í bifreiðinni. Þegar nær kom, sáu lögreglumennirnir, að ákærði hélt á hnífi í hægri hendi. Þeir þustu því á vettvang og handtóku ákærða, en þá voru komnir út úr bifreiðinni ökumaður hennar, Ómar Skúlason, og farþegi í framsæti, Jóhannes Már Jónsson. Virtist sem runnið hefði æði á Jóhannes Má, og reyndi hann að komast að ákærða til að sparka í hann og berja. Segir í skýrslunni, að Jóhannes Már hafi verið al-

blóðugur og blóð spýst úr stungusári í andliti hans, yfir lögreglumennina og ákærða. Þá hafi framsæti bifreiðarinnar verið alblóðug sem og mælaborð.

Jóhannes Már leitaði aðhlynningar á slysadeild Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði kl. 4 sömu nótt, en að henni lokinni var honum leyft að fara heim. Í vottorði Helga Kr. Sigmundssonar heilsugæslulækni, sem staðfest hefur verið fyrir dómi, segir meðal annars svo um áverka Jóhannesar Má: „Á hægri öxl voru tvö sár, annað hliðlægt á öxlinni yfir m. deltoideus (axlar-vöðva, – innskot dómara), en hitt framan til við mót sama vöðva og m. pectoralis major (brjóstvöðva, – innskot dómara). Hliðlæga sárið var um 15 mm breitt og um 12 mm djúpt. Sárið framan til var 10 mm breitt og að minnsta kosti 10–12 mm djúpt. Einnig var hann með djúpt sár á efri vör. Það sár náði í gegnum vörina, svo að opið var inn í munnhol. Þetta sár var um 12 mm breitt. Einnig voru minni sár og ekki eins djúp, náðu aðeins í gegnum ysta lag húðar. Þessi sár voru þrjú og skurðbarmar tættari en á hinum. Stæstu þrjú sárín eru með hreinum skurðbrúnum og ekkert tætt. Engir aðskotahlutir sjást. Öll eru sárín með svipaða legu og útlit. Þannig virðist eggvopni hafa verið beitt og greinilegt, að lagið kom frá hægri hlið fórnarlambins og undir um það bil 30° til 45° horni.“ Þá segir í sama vottorði, að Jóhannes Már hafi kvartað um, að bit væri óeðlilegt, og um eymsli í efri gómi.

Við skoðun sama dag hjá Viðari Konráðssyni, tannlækni á Ísafirði, vaknaði grunur um tannbrot. Í áverkavottorði tannlæknisins, sem staðfest hefur verið fyrir dómi, kemur meðal annars fram, að vinstra megin í andliti hafi verið „greinileg sprunga í efra kjálkabeini (maxilla), sem nær frá +3 – +6 (23-26). Sterkur grunur er um, að rót +5 (25) sé brotin, en það skýrist fljótlega. Einnig kunna aðrar tennur, einkum +3 – +6 (þ. e. augntönn og næstu þrjár tennur aftan við hana, – innskot dómara), að hafa orðið fyrir svo miklu hnjaski, að pulpdaudi hljótist af; einnig það mun tíminn leiða í ljós“. Vitnið bar fyrir dómi, að það hefði nýlega skoðað Jóhannes Má og tekið röntgenmyndir öðru sinni af framangreindum tönnum. Í ljós hafi komið, að tennurnar fjórar voru allar ónýtar og því sýnt, að hann myndi missa þær allar. Vitnið kvað tannmissinn aldrei verða bættan að fullu, en þegar sé búið að fjarlægja eina tönnina ásamt rót og rótfulla aðrar tvær til viðbótar. Ætlunin sé síðan að festa þrjár til fjórar titanium-skrúfur upp í kjálkabein Jóhannesar Má og láta beinið því næst jafna sig í 3-6 mánuði, en setja því næst brýr eða gervitennur á þær undirstöður. Vitnið taldi kostnað við þessa aðgerð nema u. þ. b. hálfri milljón króna, en framkvæmdin væri aðeins á færi kjálkaskurðlækna og krónu- og brúargerðarsérfræðinga. Áður en til hennar kæmi, yrði að fjarlægja brotnu tennurnar og leyfa beininu að gróa í 3-6 mánuði. Verkið gæti því tekið allt að einu ári.

Jóhannes Már kom á lögreglustöðina í Bolungarvík kl. 13.45 sama dag og lagði fram formlega kæru á hendur ákærða. Í þágu rannsóknar málsins var ákærða tveimur klukkustundum síðar dregið blóð, en jafnframt því lét hann þá í té þvagsýni. Samkvæmt niðurstöðum rannsókna á greindum sýnum fundust engin merki um alkóhól í blóði, en í þvagi mældist alkóhólmagn 0,33 ‰. Engin ávana- og/eða fíkniefni var að finna í sýnunum.

Ákærði var kl. 22.55 sama dag leiddur fyrir dóm og krafa gerð um, að hann sætti gæsluvarðhaldi. Við yfirheyrslu fyrir dómi skýrði ákærði svo frá, að hann hefði þáliðna nótt verið að fíkta með vasahníf kunningja síns, Einars Geirs Kristinssonar, í samkvæmi að Stigahlíð 4 í Bolungarvík. Þeir hefðu síðan farið úr samkvæminu laust fyrir kl. 3 og gengið niður í miðbæ ásamt fleira fólki, en áður hafi Einar Geir beðið sig að geyma vasahnífinn fyrir sig. Í hugsunarleysi hafi ákærði stungið hnífnum í rassvasa sinn. Ákærði kvaðst skömmu síðar hafa verið staddur fyrir utan skemmtistaðinn Víkurbæ, er hann sá Jóhannes Má Jónsson í farþegasæti bifreiðar, sem ekið var eftir Aðalstræti. Hafi Jóhannes Már glott til ákærða, er bifreiðinni var ekið hjá. Ákærði kvað mann þennan vera búinn að leggja sig í einelti í ellifu ár og hafa á þeim tíma margsinnis ráðist á sig með „kýlingum“ og hrindingum. Skömmu síðar hafi bifreiðinni verið ekið aftur eftir Aðalstræti og Jóhannes Már þá enn glott til ákærða. Hann hafi þá lyft upp annarri hendi til að stöðva för bifreiðarinnar, en því næst farið að ræða við Jóhannes Má um opinn glugga bifreiðarinnar. Ákærði kvaðst hafa spurt Jóhannes Má, hvers vegna hann hefði kýlt sig fyrir utan dansleik á Ísafirði nokkrum vikum áður og hví hann þyrfti alltaf að glotta, er þeir sæjust. Jóhannes Már hafi brugðist illa við þessum orðum ákærða og hellt sér yfir hann með svívirðingum og hótunum. Við þetta hafi ákærða verið nóg boðið, og í sama mund hafi hann munað eftir hnífnum í rassvasanum og tekið hann upp. Ákærði kvaðst síðan hafa haldið á hnífnum milli þriggja fingra hægri handar og ætlað að slá Jóhannes Má með hnífskeftinu í hægri gagnauga og hægri öxl, en þannig hafi hann ætlað að svara fyrri árás Jóhannesar Má í sömu mynt. Ákærði kvaðst síðan hafa slegið Jóhannes Má fjórum til fimm sinnum í höfuð og hægri öxl, áður en hann hefði orðið þess áskynja, að hnífsblaðið hafði sveiflast úr skeftinu og Jóhannes Már orðinn útataður í blóði. Eftir það hafi hann ekki slegið til Jóhannesar Má, enda hafi það aldrei verið ætlun sín að leggja til hans með hnífsblaðinu. Ákærði kvað sér hafa verið brugðið, er hann sá, að hnífurinn hafði opnast, og hrökk því frá bifreiðinni og henti hnífnum frá sér. Í sömu andrá hafi Jóhannes Már og Ómar Skúlason komið út úr bifreiðinni og byrjað að lumbra á sér. Lögregla hafi síðan komið á vettvang og skakkað leikinn. Ákærði kvaðst hafa verið

búinn að drekka u. þ. b. tvo lítra af áfengu öli fyrir atburðinn og því verið talsvert ölvaður á verknaðarstundu. Hann kvaðst þó muna vel eftir málsatvikum. Ákærði kvaðst vera rétthentur og sýndi í þinghaldinu hægri hönd sína, sem klædd var gifsumbúðum upp fyrir úlnið. Sjá mátti, að neðri hluti litlafingurs og baugfingurs voru huldir gísi. Ákærði kvaðst ekki geta beitt hendinni í átökum vegna beinbrots, og hafi hann því ætlað að nota skefðið af vasahnífnum sem höggvopn. Hann kvað það alls ekki hafa verið ætlun sína að leggja til Jóhannesar Mús með hnífi og kvaðst aldrei ganga með hníf eða önnur vopn á sér. Í lok þinghaldsins staðfesti ákærði tvær framburðarskýrslur, sem hann hafði gefið hjá lögreglu fyrr um daginn. Hann kvað Einar Geir Kristinsson, Maríus Gröndal svo og Jóhann og Berglindi Ósk, sem haldið hefðu fyrrgreint samkvæmi, hafa verið í námunda við bifreiðina HP-978 og gætu því hugsanlega borið um málsatvik.

Ákærði gaf skýrslu fyrir dómi öðru sinni við aðalmeðferð málsins og skýrði þá á sama veg frá öllum helstu málsatvikum. Hann kvaðst ekki vera í vafa um, að hann hefði veitt Jóhannesi Má þá áverka, sem lýst er í framangreindum læknis- og áverkavottorðum, og mótmælti ekki verknaðarlýsingu ákæru að því leyti. Ákærði kvaðst enga skýringu kunna á því, hvernig hnífsblaðið gat sveiflast úr skeftinu, án þess að hann veitti því athygli. Hann kvaðst sem fyrr hafa haldið lokuðum hnífnum milli þriggja fingra hægri handar, þannig, að hjóltun sneru fram og hnífsblaðið í átt frá lófa. Í upphafi árásarinnar hafi hann slegið hnífnum óvart í hurðarkarm bifreiðarinnar þeim megin, sem Jóhannes Már sat, og gat ákærði sér til, að þá hefði hnífurinn hugsanlega opnast fyrir tilviljun. Ákærði þvertók fyrir að hafa smeygt opnum hnífnum inn undir gísið, áður en hann veittist að Jóhannesi Má.

Í þágu rannsóknar málsins voru 22. júní 1996 teknar framburðarskýrslur af Einari Geir Kristinssyni og Maríusi Gröndal. Hvorugt vitnanna gat borið um ætlaða árás, en Einar Geir staðfesti, að hann hefði átt umræddan vasahníf og beðið ákærða að geyma hann fyrir sig. Skýrslur voru ekki teknar af Jóhanni og Berglindi Ósk.

Vitnið Jóhannes Már Jónsson skýrði svo frá við rannsókn og meðferð málsins, að það hefði greint sinn verið á „rúntinum“ með Ómari Skúlasynti í bifreiðinni HP-978 og ekið eftir Aðalstræti. Þar á móts við skemmtistaðinn Víkurbæ hefði ákærði stigið út á götuna og gefið Ómari merki um að staðnæmast. Ákærði hefði síðan komið að hægri hlið bifreiðarinnar og spurt vitnið um opinn bílgluggann, hvers vegna það hefði slegið ákærða utan undir nokkrum vikum áður. Vitnið kvaðst hafa bent ákærða á, að það hefði slegið hann í hefndarskyni fyrir félaga sinn, sem ákærði og annar maður hefðu barið til óbóta. Ákærði hefði svarað því til, að hann væri ekki ánægð-

ur með það, og því næst slegið vitnið í andlitið, neðan við nefið, með gífsklæddri hendi. Vitnið kvaðst hafa dofnað í andliti við höggið og blóð spýst þar úr sári. Ákærði hefði síðan slegið vitnið nokkrum sinnum í andlit og bók, en við það hefði vitnið hlotið tvö stungusár, annað á hægri öxl og hitt hægri megin á brjósti. Vitnið kvaðst hafa verið íklætt þykkum leðurjakka greinda nótt, og hefði annað hnífslagið farið gegnum fjórfalt lag af leðri og fódri á brjóstvasa jakkans og innra byrði, áður en hnífurinn hafnaði í brjósti vitnisins. Þá hafi a. m. k. eitt högg ákærða lent í dyrakarmi bifreiðarinnar og skilið þar eftir sig dæld. Vitnið kvaðst ekki hafa orðið vart við hníf í hendi ákærða, meðan á árásinni stóð. Ómar hafi hins vegar séð hnífinn og öskrað til ákærða, hvað hann væri eiginlega að gera. Því næst hafi Ómar rokið út úr bifreiðinni og rífið ákærða frá glugganum. Vitnið hafi þá getað stigið út og reynt að verja sig, en í sama mund hafi lögregla komið á vettvang og handtekið ákærða. Vitnið kvað ákærða alla tíð hafa verið erfiðan í samskiptum og komið sér illa við flesta í Bolungarvík, m. a. með því að ráðast á smábörn og skemma fyrir þeim leikföng. Vitninu og ákærða hafi því verið lítt til vana. Vitnið hafi þó ekki átt nein samskipti við hann að því undanskildu, að það tuskaði hann til tíu eða ellefu árum áður og sló hann utan undir fyrir utan skemmtistað á Ísafirði nokkrum vikum fyrir hinn kærða atburð. Fyrir dómi kvaðst vitnið vera búið að ná sér að fullu eftir áverka á öxl, en hefði stöðugan doða í efri vör eftir stungusárið þar. Sjá mátti tvö ör á öxl vitnisins og eitt á efri vör, sem samrýmdust vottorði Helga Kr. Sigmundssonar heilsugæslulæknis. Framburður vitnisins um kjálka- og tannbeinsáverka samrýmdist einnig vottorði og ályktun Viðars Konráðssonar tannlæknis.

Vitnið Ómar Þór Skúlason, kt. 130177-4689, skýrði svo frá við rannsókn og meðferð málsins, að það hefði greint sinn verið að „rúnta“ fram og til baka eftir Aðalstræti með Jóhannesi Má Jónssyni, er ákærði hefði stigið út á götuna á móts við Víkurbæ og gefið vitninu merki um að stansa. Ákærði hefði síðan gengið að hægri hlið bifreiðarinnar og farið að rífast við Jóhannes Má um opinn bílglugga um atburð, sem gerst hafði tveimur vikum áður fyrir utan skemmtistaðinn Sjallann á Ísafirði. Jafnframt hefði ákærði spurt Jóhannes Má, hvers vegna honum væri svona illa við sig, og Jóhannes Már þá sagt, að ákærði væri ekki vinur sinn og yrði það aldrei. Í sömu andrá hafi vitnið séð gífsklædda hægri hönd ákærða koma inn í bifreiðina og lenda í andliti Jóhannesar Má. Ákærði hafi síðan komið hálfur inn um bílgluggann og barið Jóhannes Má „á fullu“. Eftir nokkur högg hafi Jóhannes Már tekið fyrir andlitið og hallað sér í átt að mælaborðinu. Vitnið hafi þá hallað sér yfir félagan sinn og reynt að ýta ákærða út um gluggann.

Pegar það hafi ekki borið árangur, hafi vitnið stigið út og tekið ákærða frá bifreiðinni. Þá fyrst hafi vitnið séð hnífsblað standa fram undan gífsinu og koma út milli tveggja fingra hægri handar ákærða. Virtist vitninu sem ákærði hefði verið búinn að fella hnífinn inn undir gífsið. Vitninu var fyrir dómi kynnt lýsing ákærða á því, hvernig hann sagðist hafa haldið á hnífnum, og jafnframt sýndar ljósmyndir lögreglu því til frekari skýringar. (Ljósmyndirnar sýna, hvernig ákærði kveðst hafa haldið á hnífnum, – innskot dómara.) Að því búnu ítrekaði vitnið eigin framburð og kvað lýsingu ákærða ekki eiga við rök að styðjast. Vitnið staðfesti hins vegar, að ákærði hefði slegið í dyrakarm bifreiðarinnar og dældað hann.

Vitnið Róbert Bjarnason lögreglumaður, kt. 100764-7099, bar fyrir dómi, að það hefði greint sinn verið við eftirlit fyrir utan skemmtistaðinn Víkurbæ í kyrrstæðri lögreglubifreið ásamt starfsbróður sínum, Valdemar Guðmundssyni. Hefði vitnið þá séð ákærða ganga út á Aðalstræti og stöðva för bifreiðarinnar HP-978. Vitnið kvaðst hafa litið í aðra átt, en síðan beint sjónum sínum aftur að bifreiðinni og þá séð ákærða vera að takast á við farþega í framsæti bifreiðarinnar. Valdemar hafi síðan sagt: „Heyrðu, hvað gengur á, er hann með hníf?“ Valdemar hafi því næst ekið lögreglubifreiðinni að vettvangi, sem verið hafi í 50-80 metra fjarlægð, og þeir handtekið ákærða. Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærða beita hnífi gagnvart Jóhannesi Má, en á vettvangi hafi fundist opinn vasahnífur.

Vitnið Valdemar Guðmundsson lögreglumaður, kt. 300844-7669, bar fyrir dómi, að það hefði greint sinn verið í lögreglubifreið á móts við skemmtistaðinn Víkurbæ, er það sá ákærða stöðva för bifreiðarinnar HP-978 og ganga að hægri hlið hennar, þeim megin, sem Jóhannes Már sat. Skyndilega hafi hægri hönd ákærða gengið fram og til baka inn í bifreiðina „á fullu“, eins og vitnið komst að orði. Vitnið kvaðst ekki gera sér grein fyrir, hversu oft ákærði hefði verið búinn að viðhafa slíka handarhreyfingu, er það sagði við starfsbróður sinn: „Hann er með hníf, maðurinn!“ Kvaðst vitnið þá hafa verið búin að sjá, að ákærði hélt á hníf, og virst sem hnífsblaðið gengi fram undan gífsi, sem ákærði var með á hægri hendi. Vitnið hefði síðan ekið á vettvang, sem verið hefði í 100–150 metra fjarlægð, og handtekið ákærða. Ákærði hefði þá verið búinn að henda frá sér hnífnum, sem fundist hefði opinn í 5–6 metra fjarlægð frá vettvangi. Vitnið rengdi lýsingu ákærða á því, hvernig haldið hefði verið á hnífnum, og taldi hann hafa verið búinn að fella hnífskeftið inn undir gífsið og stungið með útréttri hendi inn í bifreiðina, þannig að höndin „gekk á fullu“ inn í bifreiðina og rakst einnig útan í bifreiðina.

Meðal fram lagðra gagna í málinu er vasahnífur sá, sem ákærði hafði í

fórum sínum greinda nótt. Um er að ræða nokkurs konar veiðihníf með svörtu skefti, og er á annarri hlið þess gylltur dreki. Hnífsblaðið er dregið út úr skeftinu, og er í því skyni rauf í blaðinu fyrir fingurnögl. Hægur vandi er að draga blaðið út með einum fingri. Á blaðinu er áletrunin: „STAINLESS CHINA“. Ekkert öryggi er á hnífnum, sem styðja þarf við, þegar blaðið er dregið út úr skeftinu eða hnífnum lokað. Heildarlengd hnífsins er 21 cm. Lengd blaðsins er 9,1 cm og mesta breidd þess 2,1 cm, og er það fyrir miðju blaði. Mesta breidd hnífsins er við hjöltu, 4,9 cm. Hjöltun hafa fremur skarpar brúnir. Hnífurinn er úr stáli og vegur 156 grömm.

Persónulegir hagir ákærða.

Ákærði er fæddur 2. ágúst 1979 og var því 17 ára, þegar mál þetta reis. Hann er hávaxinn, grannur og fremur vöðvasteltur. Ákærði ólst upp ýmist hjá móður sinni og stjúpforeldur eða móðurforeldrum, sem búsett eru í Bolungarvík, og lauk ákærði þar grunnskólanámi vorið 1995 með góðum einkunum í samræmdum prófum. Eftir það fór ákærði í leyfi til Noregs, en hóf síðan nám við Framhaldsskóla Vestfjarða á Ísafirði um haustið. Ákærði hætti námi um áramót og hóf störf sem verkamaður hjá Bakka hf. í Bolungarvík og síðar við útkeyrslustörf, en settist á skólabekk að nýju síðastliðið haust. Hann á litlar sem engar eignir. Lögreglan í Bolungarvík hefur þurft að hafa nokkur afskipti af ákærða, meðal annars vegna prófleysis við akstur léttis bifhjóls og innbrotstilrauna, en ákærði hefur þó hingað til ekki sætt refsingu, svo að kunnugt sé.

Ákærði gekkst undir rannsókn á geðheilbrigði sinni og sakhæfi skömmu eftir kærðan atburð. Liður í þeirri rannsókn var sálfræðiprófun, þar sem lögð voru fyrir ákærða viðurkennd persónuleikapróf. Hafði Margrét Bárðardóttir sálfræðingur umsjón með þeim þætti rannsóknarinnar. Í samantekt og áliti hennar segir meðal annars svo:

„Niðurstöður persónuleikaprófa gefa ekki vísbendingu um, að hugarheimur hans (þ. e. ákærða, – innskot dómara) sé upptekinn af ofbeldis- hneigð né öðrum óeðlilegum hugsunum. Ekki koma fram verulegir tilfinningalegir erfiðleikar né alvarlegar persónuleikatrúflanir. Hins vegar sýna niðurstöður prófa tilhneigingu til andfélagslegs athæfis. . . . Hann virðist greindarfarslega vel á vegi staddur, getur haft yfirsýn yfir flóknari aðstæður og gert sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna. . . . Vegna hugsanlegrar þróunar í átt að andfélagslegum persónuleika væri aðhald og föðurleg festa af hinu góða fyrir Einar Örn auk þess að geta rætt tilfinningar sínar og líðan og ekki síst fyrrnefnt atvik í sálfræðilegri meðferð um einhvern tíma.“

Ólafur Ó. Guðmundsson, sérfræðingur í barna- og unglingageðlækningu-

um, annaðist geðrannsókn ákærða að öðru leyti. Meðal þeirra, sem geðlæknirinn ræddi við, voru foreldrar ákærða og skólastjóri Grunnskólans í Bolungarvík. Hjá honum fengust þær upplýsingar, að ákærði hefði verið góður námsmaður, ekki sérlega órólegur eða eirðarlaus, en hegðun oft verið erfið á annan hátt. Þrátt fyrir það að ákærði hafi verið almennt vinsæll meðal skólafélaga, hafi hann átt auðvelt með að lenda í útistöðum við aðra og lítið þurft til að egna hann til að beita aðra ofbeldi. Í þessu samhengi hafi ákærði haft eigin siðalögmál og alltaf séð sjálfan sig sem eigandi enga sök. Kennarar hafi reynt að taka á þessu með aðstoð uppallenda, annars vegar móður og stjúpföður og hins vegar móðurforeldra, en sú samvinna verið minni en efni stóðu til. Í niðurstöðum sínum segir geðlæknirinn meðal annars svo:

„Einar er heill á geðsmunum, þ. e. hann þjáist hvorki nú af né koma fram merki um, að hann hafi nokkru sinni verið haldinn formlegum geðsjúkdómi eða alvarlegri persónuleikatrufun. Það er tvennt geðræns eðlis, er sérstaklega tengist atviki því, sem varðar tilefni rannsóknarinnar, annars vegar þættir í persónuleika og hins vegar áfengisneysla Einars Arnar:

Einar er ágætlega gáfum gæddur, hvað varðar lærdómsgetu, auk sértækra tónlistarhæfileika. Hæfni til félagatengsla er líka góð. Á grunnskólaaldri nýttust þessir eiginleikar honum vel, og Einar sinnti uppbyggilegum áhugamálum sínum vel, en dregið hefur mjög úr þessari jákvæðu virkni sl. ár. Samtímis hafa neikvæðir þættir í fari hans, sem sumir hverjir voru þar þegar frá forskólaaldri, orðið meira áberandi, s. s. erfiðleikar við að tileinka sér eðlileg félagsleg og lagaleg samfélagsviðmið, sem birtast í endurteknum smærri lagabrotum, árásarhneigð og ósannsögli. Hluti af sama mynstri er síðan stefnu- og ístöðuleysi, hvað varðar eigin hagi og framtíðaráform. Þessi persónuleikamynd samrýmist hegðunarröskun, sem stefnir inn á braut andfélagslegrar persónuleikatrufunar (antisocial personality disorder), þó að Einar uppfylli ekki greiningarskilmerki þeirrar greiningar enn.

Áfengisneysla Einars er einnig áhyggjuefni, þó að hann uppfylli ekki greiningarskilmerki fyrir áfengissýki. Neyslan er f. o. fr. félagsleg, en gerist með reglubundnum tímum hætti og í félagsskap aðila eldri en Einar sjálfur, sem jafnframt neyta ólöglegra vímuefna. Þá eru greinileg tengsl milli ofbeldisatvika og áfengisneyslu, eins og þekkt er hjá þeim, sem hafa hina áðurlýstu neikvæðu drætti í persónuleika sínum.“

Ályktun geðlæknis er svohljóðandi:

„Mikilvægast er, að Einar hljóti stöðugt grunnathvarf (heimili), sem veiti honum nægilegt aðhald og stuðning til að snúa af þeirri neikvæðu braut, sem hann hefur hneigst inn á. Úr slíku athvarfi þarf Einar að ná að byggja

upp þá jákvæðu uppbyggilegu virkni, sem hann er fær um, ef innri hvatning verður til staðar. Náms tengt áhugamálum hans ætti að geta orðið honum braut til hjartari framtíðar. Að óbreyttu eru líkur á, að Einar færist frekar út á braut óstöðugleika og afbrota. Í ljósi persónuleikabáttar hans er hætt við, að fangelsisvist gæti orðið til að ýta honum frekar út á slíka braut en sporna við þeirri þróun. Hvað varðar sértæka meðferð, er líklegt, að Einar gæti haft gagn af reglubundnum viðtölum og/eða annarri meðferð stuðningsmanns, sem ekki þyrfti nauðsynlega að vera innan geðheilbrigðiskerfisins, þar sem hann er ekki haldinn formlegri geðtruflun.“

Ólafur Ó. Guðmundsson kom fyrir dóm vegna málsins og staðfesti framangreinda rannsókn sína. Vitnið kvað samhljóða niðurstöður Margrétar Bárðardóttur sálfræðings auka mjög á áreiðanleika rannsóknarinnar.

Niðurstöður.

Sannað er með játningu ákærða, sem er í samræmi við framburð vitna og önnur gögn málsins, að ákærði hafi greint sinn veist að Jóhannesi Má Jónssyni, þar sem hann sat í bifreiðinni HP-978, og stungið hann einu sinni með hnífi í andlit og tvívegis í hægri öxl og samtímis slegið hann nokkur högg með hægri hendi, sem var í gifsumbúðum, allt með þeim afleiðingum, sem lýst er í ákæru.

Eins og að framan er rakið, kveðst ákærði hafa haldið á lokuðum vasahnífnum milli þriggja fingra hægri handar og blað hnífsins vísað út frá lófa hans. Kveðst ákærði hafa ætlað að nota hnífinn þannig sem höggvopn í árás sinni á Jóhannes Má. Fyrir sakir óhappatilviljunar hafi hnífsblaðið með einhverjum óútskýrðum hætti sveiflast úr hnífskeftinu og stungist tvívegis í öxl Jóhannesar Má og skorið gegnum efri vör hans, án þess að ákærði veitti því athygli. Ákærði reyndi fyrir dómi bæði við rannsókn og meðferð málsins að sýna dómara og sakflytjendum, hvernig hnífsblaðið hefði sveiflast úr skeftinu, og kvað þurfa til þess ákveðinn hnykk. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir ákærða sem og sækjanda við aðalmeðferð, er sló vasahnífnum margsinnis af fullu afli í innréttingar dómsalarins með líkum hætti og ákærði sagðist hafa beitt hnífnum, hreyfðist hnífsblaðið ekki úr stað. Þegar þetta er virt og litið er til samhljóða framburðar vitnanna Ómars Skúlasonar og Valdemars Guðmundssonar, telur dómurinn hafið yfir allan skynsamlegan vafa, að ákærði hafi verið búinn að bregða hnífsblaðinu, er hann lagði til Jóhannesar Má með hnífinn að vopni, en miðað við lýsingu ákærða sjálfs á því, hvernig hann hafi haldið á hnífnum, verður að teljast afar ósennilegt, að hnífurinn hafi opnast við það eitt að slást utan í hurðarkarm bifreiðarinnar HP-978. Þá eykur það ekki á trúverðugleika framburðar ákærða, að

annað tveggja hnífslaga, er gengu í hægri öxl Jóhannesar Más, fór í gegnum fjórfalt lag af leðri og fódri í jakka Jóhannesar Más, áður en hnífsoddurinn hafnaði í öxl hans við mót axlar- og brjóstvöðva. Er ljóst, að til þess muni þurfa þungt högg, sem traúla verði veitt með þremur fingrum gífsklæddrar handar. Samkvæmt framansögðu þykir háttsemi ákærða réttilega heimfærð undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Með hliðsjón af rannsókn Ólafs Ó. Guðmundssonar um geðheilbrigði ákærða telur dómurinn hann vera sakhæfan.

Við ákvörðun refsingar ber annars vegar að líta til aldurs ákærða og þess, að hann hefur ekki áður sætt refsingu, svo og þess, að hann hefur gert sér far um að bæta úr afleiðingum háttseminnar með samþykki á bótakröfum árárþola. Á hinn bóginn verður ekki fram hjá því horft, að árás ákærða var tilefnislaus og heftúðug, og þykir mildi, að ekki fór verr. Koma sjónarmið 74. gr., 75. gr. og 3. mgr. 218. gr. a almennra hegningarlaga því ekki til álita sem refsilækkunarástæður í málinu. Að öllu þessu virtu og að teknu tilliti til fyrrgreindra afleiðinga háttseminnar þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 15 mánuði. Eftir atvikum þykir þó mega ákveða að fresta nú fullnustu 12 mánaða af refsingunni, og skal sá hluti hennar falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Gæsluvarðhaldsvist og frelsissvipting ákærða frá 22.–25. júní 1996, samtals þrír dagar, komi til frádráttar dæmdri refsivist, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Af hálfu ákæruvalds var þess fyrst krafist í munnlegum málflutningi, að umræddur vasahnífur yrði gerður upptækur með dómi, og vísað til 69. gr. almennra hegningarlaga. Krafan var ekki borin undir ákærða við aðalmeðferð málsins, en verjandi kvaðst fyrir sitt leyti geta fallist á, að krafan næði fram að ganga. Með vísan til 117. gr., sbr. d-lið 1. mgr. 116. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, ber engu að síður að vísa þeirri kröfu ákæruvalds frá dómi af sjálfsdáðum.

Björn Jóhannesson héraðsdómslögmaður hefur í bréfi, dagsettu 2. september 1996, krafist þess fyrir hönd Jóhannesar Más Jónssonar, að ákærði verði dæmdur til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 1.174.519 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 15. gr. vaxtalaga frá 2. október 1996 til greiðsludags. Krafan er sundurliðuð sem hér segir:

1. Kostnaður vegna læknis- og tannlækniskostnaðar	kr.	60.521
2. Ferðakostnaður vegna lækniáðstoðar	–	20.260
3. Skemmdir á fatnaði og á bifreiðinni HP-978	–	49.850

4. Áætlaður tannlæknakostnaður	–	350.000
5. Launatap	–	262.763
6. Þjáninga- og miskabætur	–	400.000
7. Þóknun lögmanns	–	31.125

Samtals kr. 1.174.519

Af hálfu ákærða var lýst yfir því við aðalmeðferð málsins, að ekki væri andmælt bótakröfum vegna útlagðs læknis- og tannlækniskostnaðar, útlagðs ferðakostnaðar og áætlaðs tannlæknakostnaðar, sbr. liði 1, 2 og 4 hér að framan, samtals að fjárhæð 430.781 króna. Kröfuliðir þessir eru studdir reikningum og sérfræðivottorðum. Ber því að dæma ákærða til að greiða þær kröfur að fullu. Þá hefur ákærði samþykkt að greiða í einu lagi 30.000 krónur vegna skemmda á fatnaði og á bifreiðinni HP-978, sbr. lið 3 í kröfugerð lögmanns Jóhannesar Mús, en lögmaðurinn féllst í sama þinghaldi á að lækka nefnda kröfu úr 49.850 krónum í 30.000 krónur. Ber að dæma ákærða til að greiða þá fjárhæð. Lögmaðurinn hefur sömuleiðis lækkað kröfu vegna launataps, sbr. lið 5 í bótakröfunni, um 100.000 krónur og ákærði fallist á þá kröfu þannig breytta. Samkvæmt því og þar sem krafan er studd nægjanlegum gögnum, ber að dæma ákærða til greiðslu á 162.763 krónum vegna nefnds bótaliðar. Þá þykir með vísan til 4. mgr. 172. gr. laga um meðferð opinberra mála rétt að dæma ákærða til greiðslu á þóknun lögmannsins, sbr. lið 7 í kröfugerð, en ákærði hefur samþykkt þá kröfu, og þykir henni í hóf stillt. Af hálfu ákærða er þjáninga- og miskabótakröfu Jóhannesar Mús, sbr. lið nr. 6 hér að framan, mótmælt sem of hárrí. Dómurinn telur ljóst af gögnum málsins, að Jóhannes Mús hefur orðið fyrir umtalsverðum þjáningum og miska vegna hinnar grófu og tilefnislausu árásar ákærða. Enn fremur þykir sýnt af vætti Viðars Konráðssonar tannlæknis, að þrautagöngu Jóhannesar Mús er langt frá því að vera lokið. Með hliðsjón af því og á grundvelli 3. gr. og 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 þykja bætur þessar hæfilega metnar í einu lagi 400.000 krónur. Framangreindar kröfur, samtals að fjárhæð 1.054.669 krónur, bera dráttarvexti samkvæmt 15. gr. vaxtalaga frá 2. október 1996 til greiðsludags.

Samkvæmt 1. mgr. 165. gr. laga um meðferð opinberra mála ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar í málinu, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, sem þykja með hliðsjón af umfangi málsins hæfilega ákveðin 120.000 krónur. Þá greiði ákærði sömu fjárhæð í saksóknarlaun, er renna skulu í ríkissjóð, en af hálfu ákæruvalds flutti Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður á Ísafirði, málið hér fyrir dómi.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Einar Örn Konráðsson, sæti fangelsi 15 mánuði, en fresta skal fullnustu 12 mánaða af refsingunni, og skal sá hluti hennar falla niður að liðnum þremur árum frá dómsuppkvaðningu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Til frádráttar dæmdri refsivist komi þriggja daga gæsluvarðhald ákærða.

Ákærði greiði Jóhannesi Má Jónssyni 1.054.669 krónur með dráttarvöxtum frá 2. október 1996 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 120.000 krónur, og saksóknarlaun í ríkissjóð, 120.000 krónur.
